



Tillaga miðstjórnar að ályktun um efnahagslegt og félagslegt réttlæti

Fertugasta og sjöunda þing ASÍ áréttar að framtíð vinnu og verkalýðsbaráttu verður ekki skilin frá efnahagslegu og félagslegu réttlæti. Á komandi árum munu tækni- og loftslagsbreytingar, lýðfræðilegar breytingar og óvissa í alþjóðamálum hafa mikil áhrif á störf, líf skjör og stöðu launafólks. Við slíkar aðstæður skipta viðbrögð stjórnvalda, stefnumörkun og traust regluverk sköpum til að verja almannahag og líf skjör launafólks.

Þingið áréttar að við þessar aðstæður er brýnt að efnahags- og skattastefnan ýti ekki undir ójöfnuð, dýpki gjána milli þeirra sem eiga og eiga ekki og dragi úr félagslegum hreyfanleika. Á tímum örra tækni- og loftslagsbreytinga verður enn brýnna fyrir stjórnvöld að tryggja húsnæðisöryggi allra, fjárfesta í velferð og treysta félagsleg öryggisnet.

Á undanförunum árum hafa verðbólga, hátt vaxtastig og íþyngjandi húsnæðiskostnaður þrengt að stöðu margra heimila. Ástandið leggst þyngst á barnafólk, tekjulága, skuldsett heimili og leigjendur. Sú hugmyndafræði að mæta slíkum efnahagslegum áskorunum með aukinni gjaldtöku á heimili, skerðingu réttinda atvinnulausra, skertu aðgengi að almannapjónustu eða niðurskurði í tilfærslukerfum barnafólks, leigjenda og skuldara er röng leið.

Í tæp fjögur ár hefur háum stýrivöxtum verið beitt af hörku í von um að ná niður verðbólgu. Sú stefna er gengin sér til húðar og gerir ekkert annað en að þrengja að barnafólki, skuldurum og leigjendum á meðan fjármagnseigendur hagnast. Efnahagsleg staða innflytjenda er bág og vísbendingar eru um aukinn ójöfnuð milli kynslóða sem erfitt verður að vinda ofan af.

Þing ASÍ leggur áherslu á að markmið um efnahagslegan stöðugleika, lækkun vaxta og bætt líf skjör verða aðeins að veruleika ef stjórnvöld, sveitarfélög og atvinnurekendur axla ábyrgð. Fyrirtæki verða að taka þátt í því verkefni með ábyrgri verðlagningu og stjórnvöld verða að verja þau kerfi sem styðja við afkomuöryggi, atvinnuþátttöku og jöfnuð.

Þing ASÍ hafnar þeirri forgangsröðun að mæta efnahagslegum áskorunum með auknum byrðum á launafólk, veikari réttindum og skertri almannapjónustu. Slík stefna getur aldrei orðið grundvöllur sáttar á vinnumarkaði.

Húsnæðisöryggi er óaðskiljanlegur hluti af afkomuöryggi launafólks. Um árabíl hafa óviðunandi aðstæður ríkt í húsnæðismálum þar sem hátt húsnæðisverð, háir vextir og lausbeislaður leigumarkaður hafa gert að verkum að húsnæðiskostnaður stórra hópa launafólks er afar íþyngjandi. Ungu fólki og almennu launafólki er í vaxandi mæli gert ókleift að komast inn á eignamarkað og margir sitja eftir á leigumarkaði þar sem leiga er orðin óbærilega há og húsnæðisöryggi er ekki tryggt.

Fertugasta og sjöunda þing ASÍ minnir á að þak yfir höfuðið er grundvallarforsenda mannsæmandi líf skjara. Stöðugleiki á húsnæðismarkaði og viðráðanlegur húsnæðiskostnaður er jafnframt forsenda hóflegar verðbólgu og friðar á vinnumarkaði. Þingið skorar á stjórnvöld og sveitarfélög að axla ábyrgð á húsnæðismálum og tryggja mun örari uppbyggingu öruggs, viðráðanlegs og óhagnaðardrífins húsnæðis um allt land.

Uppbygging húsnæðis, öflug félagsleg réttindi, sterk almannapjónusta og jafnt aðgengi að menntun og færniþróun eru lykilviðfangsefni komandi ára. Án markvissra aðgerða á þessum sviðum verður erfiðara fyrir fólk að byggja upp örugga afkomu, taka þátt í samfélaginu og mæta breytingum á vinnumarkaði. Slík þróun myndi ýta undir ójöfnuð, festa fólk í fátæktargildrum og vinna gegn verðmætasköpun.

Áherslur ASÍ um efnahagslegt og félagslegt réttlæti

Efnahagsmál og opinber fjármál

- Launafólk búi við fyrirsjáanlegt efnahagsumhverfi og hóflegt vaxtastig.
- Forgangsröðun opinberra fjármála leiði ekki til niðurskurðar, skerts aðgengi að almannapjónustu né óhóflegrar gjaldtöku.
- Ofuráhersla á stjórnþæki peningastefnunnar og hávaxtastefnu ýtir undir ójöfnuð og færir þunga byrði á skuldsett heimili, yngri aldurshópa og barnafjölskyldur.
- Ríkisfjármálum og skattkerfinu verði beitt til jöfnunar, til stuðnings við peningastefnuna og til að verja stoðir velferðarkerfisins.
- ASÍ hafnar auknu umfangi notendagjalda og nefskatta, t.d. veggjalda, skólagjalda og komugjalda í heilbrigðis- og almannapjónustu. Slík gjaldtaka leggst þyngst á efnaminni hópa samfélagsins.
- Ráðist verði í umbætur á skattlagningu fjármagns og fjármagnstekna með það að markmiði að jafna skattbyrði milli launafólks og fjármagnseigenda.
- Ráðist verði í markvissar aðgerðir til að draga úr skattsvikum og undanskotum.

Húsnæðismál

- Ríki og sveitarfélög axli ábyrgð á húsnæðismálum og styðji við áframhaldandi uppbyggingu á óhagnaðardrífni húsnæði.
- Sveitarfélögum verði lögum samkvæmt gert skylt að skipuleggja tiltekið hlutfall nýrra íbúða undir óhagnaðardrifið húsnæði.
- Húsaleigulög verði endurskoðuð og leigubremsa innleidd.
- Húsnæðisstuðningur verði endurskoðaður með það að markmiði að hann nýtist fyrst og fremst þeim tekjulægri, fyrstu kaupendum og þeim sem búa við íþyngjandi húsnæðiskostnað.

Almannapjónusta

- Standa þarf vörð um öfluga almannapjónustu sem grunnstoð lífskjara, jöfnuðar, atvinnuþátttöku og verðmætasköpunar. Nauðsynleg þjónusta á að vera aðgengileg óháð tekjum, búsetu og fjölskylduaðstæðum. Sterk félagsleg öryggisnet, atvinnuleysistryggingar og almennt aðgengi að menntun og fræðslu skipta sköpum í að stuðla að réttlátum umskiptum og gefa launafólki tækifæri til að bregðast við samfélagslegum breytingum.
- Ráðist verði í umbætur í atvinnuleysistryggingakerfinu með það að markmiði að tryggja aukna virkni, viðhalda hárra þátttöku á vinnumarkaði og betra aðgengi að vinnumarkaðsúrræðum.
- Gjaldskrárhækkanir ríkis, sveitarfélaga og opinberra fyrirtækja verði ekki til þess að grafa undan kaupmætti launafólks og skerða aðgengi að nauðsynlegri þjónustu.
- Fyrirkomulag námslána verði endurskoðað með það að markmiði að stuðla að jöfnu aðgengi og tryggja viðráðanlegan kostnað.

Greinargerð

Inngangur

Sögulega hefur ójöfnuður mælst líftill á Íslandi. Félagslegur hreyfanleiki hefur einnig verið mikill hér og á Norðurlöndum almennt. Tekjur og lífskjör einstaklinga ráðast því í minna mæli af þáttum sem þeir hafa ekki stjórn á t.d. kyni, uppruna eða menntun og tekjum foreldra. Tækifæri einstaklinga til að bæta stöðu sína og færast upp tekjustigann hafa því verið meiri á Íslandi en í mörgum löndum.

Á þessu eru margþættar skýringar. Há atvinnuþátttaka, mikil þekja kjarasamninga og sterk félagsleg réttindi hafa stuðlað að einni jöfnustu tekjudreifingu á Vesturlöndum. Almennt aðgengi að menntun, sterk velferðarkerfi, sterk félagsleg stuðningsnet og jafnandi skattkerfi eru meðal þeirra þátta sem stuðla að jöfnun tækifæra og styðja við félagslegan hreyfanleika.

Þessi staða er þó ekki sjálfgefin. Á undanförunum árum hefur umræða aukist um samfélagslegar afleiðingar vaxandi ójafnaðar og minnkandi félagslegs hreyfanleika. Í flestum OECD löndum hefur munurinn milli þeirra tekjuhæstu og tekjulægstu farið vaxandi á undanförunum áratugum. Afleiðingarnar birtast ekki aðeins í auknum samfélagslegum óstöðugleika heldur geta þær einnig dregið úr hagvexti, verðmætasköpun og getu hagkerfa til verðmætasköpunar. Skatta- og tilfærslukerfi leika lykilhlutverk í að jafna stöðu fólks með endurdreifingu tekna og geta jafnframt haft mikil áhrif á hvata til til menntunar og atvinnuþátttöku.

Jöfn tækifæri, sterk öryggisnet og almennt aðgengi að dagvistun fyrir börn, fæðingarorlofi, menntun og afkomutryggingum í kjölfar veikinda, slysa eða atvinnuleysis stuðla þannig að mikilli almennri þátttöku á vinnumarkaði og styðja við verðmætasköpun¹.

Nýlegar rannsóknir benda til þess að rekja megi 15-35% af ójöfnuði til þátta sem einstaklingar hafa ekki stjórn á², t.d. hvar einstaklingar fæðast, bakgrunns foreldra og kyns. Dæmi um slíkt í íslensku samhengi má sjá í könnun Vörðu – Rannsóknastofnunar vinnumarkaðarins sem bendir til þess að tekjulágt fólk á vinnumarkaði þurfi í auknum mæli að neita börnum sínum um skipulagðar tómstundir og sumarnámskeið. Þar er staða einstæðra foreldra og tekjulágra innflytjenda verst þar sem um 20-25% geta ekki greitt kostnað vegna frístundar eða fulla vistun í leikskóla. Í nýlegri greiningu ASÍ og BSRB má sjá að orsakir þessa eru ekki aðeins lágar tekjur heldur einnig staða á húsnæðismarkaði en þar er bent á að um helmingur leigjenda búi við íþyngjandi húsnæðiskostnað. Leigjendur búa jafnframt við minna húsnæðisöryggi.

Þó Ísland hafi staðið vel í öllum alþjóðlegum samanburði á jöfnuði er ekki sjálfgefið að það verði áfram staðan hér á landi. Miklar breytingar hafa orðið á samsetningu þjóðarinnar síðustu áratugi, bæði hvað varðar aldur, uppruna og stöðu fólks á vinnumarkaði. Slæmar aðstæður á húsnæðismarkaði, veikari atvinnuleysistryggingar, meiri fjárhagslegar hindranir til menntunar og skert aðgengi að dagvistun barna eru þættir sem til lengri tíma geta grafið undan víðtækri þátttöku á vinnumarkaði, fest í sessi fátæktargildir og aukið gjánna milli þeirra sem eiga og eiga ekki.

Hraðari tæknibreytingar og aðlögun vegna loftslagsbreytinga kalla enn frekar á að umskipti verði á forsendum launafólks. Innleiðing gervigreindar og aukinnar sjálfvirkni getur bæði falið í

¹ https://www.oecd.org/content/dam/oecd/en/publications/reports/2014/12/trends-in-income-inequality-and-its-impact-on-economic-growth_g17a2582/5jxrjncwxv6j-en.pdf

² Sjá https://www.oecd.org/content/dam/oecd/en/publications/reports/2025/09/to-have-and-have-not-how-to-bridge-the-gap-in-opportunities_f642138a/dec143ad-en.pdf

sér tækifæri en einnig leitt til minna framboðs starfa, ótryggrar atvinnu og veikari réttinda launafólks. Þróunin vekur upp áleitnar spurningar um hvernig ávinningurinn af tæknibreytingum skiptist, hvernig velferðarkerfi verði fjármögnuð í samfélagi með færri störfum og hvernig samfélagi jafnra tækifæri verði viðhaldið.

Framtíð vinnunnar ræðst því ekki aðeins af tækniframförum eða þróun atvinnulífsins, heldur einnig af því hvernig samfélagið tryggir öryggi, réttindi og tækifæri launafólks. Efnahagslegt og félagslegt réttlæti er þannig lykilforsenda þess að umbreytingar næstu ára leiði til betri lífskjara, sterkari vinnumarkaðar og sjálfbærrar verðmætasköpunar.


Efnahagsmál

Blikur eru á lofti í efnahagsmálum. Verðbólga hefur frá árinu 2020 verið yfir markmiði Seðlabankans, atvinnuleysi fer vaxandi og hætta er á því að ytri áföll, alþjóðleg óvissa og hátt vaxtastig geti leitt til harðrar lendingar í hagkerfinu. Við slíkar aðstæður skiptir máli að efnahagsstefna stjórnvalda styðji við heimili, atvinnuþátttöku og félagslegan stöðugleika, fremur en að færa kostnaðinn yfir á launafólk.

Staða fjármála ríkis og sveitarfélaga er þung og hætta er á að veikari efnahagshorfur muni leiða til aukins aðhalds í velferð og almannaþjónustu til að ná markmiðum ríkisstjórnarinnar um hallalaus fjárlög og lækkun skulda. Nú þegar hefur verið boðað að réttindi launafólks til atvinnuleysistrygginga verði skert og útlit er fyrir að barna-, húsnæðis- og vaxtabætur rýrni enn frekar að raunvirði. Áfram er útlit fyrir að mikið aðhald verði í heilbrigðis- og velferðarþjónustu. Áformuð tekjuöflun hins opinbera vegna samgöngufrakvæmda mun fyrst og fremst lenda á almenningi í gegnum aukna gjaldtöku á akstur og umferð sem getur hæglega komið með mestum þunga á þau tekjulægri. Fjármögnun í gegnum tekjuskattskerfið lendir hins vegar meira á þeim tekjuhærri sem væri eðlilegra.

Verðbólga

Frá ársbyrjun 2020



Heimild: Hagstofa Íslands

Verðbólgu síðustu ára má rekja til ólíkra þátta. Aukinn húsnæðiskostnaður hefur verið megindrifkraftur verðbólgunnar en innlendir þættir hafa einnig vegið þungt, einkum hækkanir á nauðsynjavörum, t.d. matvöru, hita, rafmagni og annarri opinberi gjaldtöku.


Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði sem undirritaðir voru í mars 2024 höfðu það að meginmarkmiði að stuðla að lækkun verðbólgu og skapa skilyrði til vaxtalækkana og auka kaupmátt. Verðbólga mældist 6,8% við gerð samninga og var ári síðar komin niður fyrir efri vikið verðbólgu markmiðs Seðlabankans og mældist við 2,5% verðbólgu markmið ef horft var fram hjá áhrifum húsnæðiskostnaðar.

Ákveðið bakslag í hjöðnun verðbólgunnar gerði vart við sig á síðasta ári. Rekja má þróunina til ólíkra þátta, m.a. innlendra (t.d. hækkun á matvöruverði) og alþjóðlegrar þróunar (áhrif olíuverðshækkana). Verðhækkanir á ábyrgð hins opinbera hafa jafnframt verið miklar, bæði vegna almennra gjaldhækkana ríkis og sveitarfélaga og vegna sértækra hækkana opinberra aðila, t.d. á rafmagni og hita.

Vaxtagjöld heimila hafa farið vaxandi síðustu ár. Meginvextir Seðlabankans voru 9,25% þegar kjarasamningar voru undirritaðir vorið 2024 en höfðu lægst verið 0,75% í kjölfar heimsfaraldurs. Hátt vaxtastig hefur ólík áhrif á einstaklinga og heimili eftir eignastöðu og aldri. Vaxtabyrði yngri heimila er þannig hærri, þar sem íbúðaskuldir eru meiri á meðan eldri aldurshópar eru að jafnaði með neikvæða vaxtabyrði, þ.e. meiri vaxtatekjur en gjöld, og hagnast því á háu vaxtastigi. Vaxtabyrði innan þessara aldurshópa er mjög breytileg eftir skuldastöðu. Um fimmtungur skuldara yngri en 40 ára var með vaxtagjöld sem voru meira en 20% af ráðstöfunartekjum borið saman við um 14% hjá öllum aldurshópum. Tölurnar hér ná til allra framteljenda en ekki bara þeirra sem skulda vegna íbúðakaupa og vanmeta því vaxtabyrði.

Vaxtabyrði eftir aldri

Vaxtagjöld heimila að frádregnum vaxtatekjum sem hlutfall af ráðstöfunartekjum



Heimild: Hagstofa Íslands

Atvinnuleysi hefur jafnframt aukist. Alls voru um 9.700 einstaklingar skráðir atvinnulausir í apríl samkvæmt Vinnumálastofnun eða sem nemur 4,6% atvinnuleysi. Samkvæmt Hagstofu Íslands nam atvinnuleysi 6,4% á sama tímabili en Hagstofan byggir mælingu sína á úrtakskönnun á meðan Vinnumálastofnun telur þá atvinnulausa sem rétt eiga á atvinnuleysisbótum. Mest mælist atvinnuleysi á Suðurnesjum, eða 7,5%.

Vaxandi atvinnuleysi undirstrikar mikilvægi sterkra atvinnuleysistrygginga, virkra vinnumarkaðsúrræða og raunverulegs aðgengis að sí- og endurmenntun. Í hagkerfi sem stendur frammi fyrir tæknibreytingum, grænum umskiptum og alþjóðlegri óvissu er brýnt að


atvinnuleysistryggingakerfi verði ekki veikt heldur styrkt sem hluti af atvinnuöryggi launafólks og aðlögun vinnumarkaðarins að breytingum.

Húsnæði

Húsnæðisverð í sögulegum hæðum


Frá aldarmótum hefur húsnæðisverð á höfuðborgarsvæðinu hækkað nær tvöfalt hraðar en tekjur fyrstu kaupenda. Meðalíbúð á höfuðborgarsvæði kostar í dag yfir 11 faldar árstekjur einstaklings borið saman við um 6 faldar árstekjur um aldamót. Þó hækking húsnæðisverðs sé ekki sérstaklega bundin við Ísland, hafa hækkanir hér á landi reynst meiri en í nágrennaríkjum og að meðaltali innan OECD ríkja.

Íbúðaverð í hlutfalli við árstekjur



Heimild: Þjóðskrá, HMS, Hagstofa Íslands og útreikningar ASÍ.

Raunverð húsnæðis á Norðurlöndum 2011-2024



Heimild: OECD


Drifkraftar þessara hækkana eru margir og ólíkir eftir því hvaða tímabil er skoðað, hvort sem eftirspurnarþættir (t.d. aðgengi að lánsfé, eiginfjárkröfur, fólksfjölgun, kaupmáttur, spákaupmennska) eða framboðsþættir eru skoðaðir (t.d. skipulag, framboð og tegund íbúða).

Einkum hefur þó aukið aðgengi að lánsfé og breytingar á eiginfjárkröfur eða vaxtabreytingar haft skjót áhrif á eignamarkað á tímabilum, t.d. 2004-2007 og 2020-2023. Aðrir þættir eins og fólksfjölgun, fjölgun einstaklinga á fyrstu kaupa aldri og breyttar húsnæðisþarfir þar sem íbúum á hverja íbúð hefur fækkað hafa þó einnig ýtt undir húsnæðiseftirspurn hér á landi.

Á árunum 2013-2024 var fólksfjölgun á Íslandi sú þriðja mesta innan Evrópu, eða um 18%. Sú fólksfjölgun hefur mest verið drifin áfram af vexti ferðaþjónustu, fjölgun starfa sem ýtt hefur undir búferlaflutninga til landsins. Alls voru aðfluttir erlendir ríkisborgarar 51 þúsund umfram brottflutta á ofangreindu tímabili samkvæmt gögnum Hagstofunnar. Tæplega 80% þeirra voru á vinnualdri, þ.e. 20-50 ára. Þetta jafngildir öllum íbúum Hafnarfjarðar og Garðabæjar og hefur stóraukið álag á húsnæðismarkað og innviði.

Til lengri tíma hefur reynst erfitt að byggja íbúðir til að mæta lýðfræðilegri íbúðapörf og skammtímaaukningu í húsnæðiseftirspurn. Í kjölfar efnahagshrunsins 2008 dróst íbúðafjárfesting saman um 70% á þriggja ára tímabili og á árunum 2009-2014 var einungis byggð að jafnaði 961 fullgerð íbúð á ári samanborið við um 2.900 íbúðir á árunum 2003-2008.

Fjöldun íbúða og íbúðapörf



Heimild: Hagstofa Íslands, HMS

Þrátt fyrir töluverða uppbyggingu íbúða á árunum 2018-2021, um þrjú þúsund íbúðir á ári, tókst hvorki að mæta uppsafnaðri né væntri íbúðapörf. Eldvirkni og jarðhræringar á Reykjanesskaga urðu til þess að auka enn frekar mismæmi milli framboðs og eftirspurnar á húsnæðismarkaði r en um 4.000 íbúar bjuggu í Grindavík þegar eldvirkni gerði vart við sig.

Í júlí 2022 undirrituðu ríki og sveitarfélög rammasamning³ um aukið framboð íbúða á árunum 2023-2032 og sameiginlega sýn og stefnu í húsnæðismálum. Grundvallarforsenda samningsins var að sveitarfélög myndu leggja áherslu á að útvega byggingarhæfar lóðir til samræmis við húsnæðisáætlanir og ríkið myndi tryggja fjármuni í húsnæðisstuðnings til móts við uppbyggingu. Reykjavík er eitt af fáum sveitarfélögum sem gerst hafa aðilar að rammasamningnum⁴.

³ Sjá https://hms-web.cdn.prismic.io/hms-web/225348b7-df25-44cb-a905-d30482c6b5aa_Rammasamningur+IRN+Samband+HMS+-+undirrita%C3%B0.pdf

⁴ Sjá <https://reykjavik.is/frettir/2023/timamotasamkomulag-rikis-og-borgar-um-husnaedisuppbyggingu>


Rammasamningurinn byggði á ítarlegri kortlagningu starfshóps um aðgerðir og umbætur á húsnæðismarkaði. Mat starfshópsins var að byggja þyrfti 35 þúsund íbúðir á næstu 10 árum til að mæta fjölgun en til viðbótar var uppsöfnuð og úppfyllt íbúðarþörf metin um 4.500 íbúðir. Mat hópurinn að byggja þyrfti að *lágmarki* 4 þúsund íbúðir á ári á fyrstu fimm árum samningsins og 3.000 á ári á síðari fimm árunum.

Háir þröskuldar inn á húsnæðismarkað

Meðalverð á seldum íbúðum í fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu á árunum 2025-2026 var 76,5 milljónir. Ætli einstaklingur sér að fjárfesta í slíkri eign með 80% veðsetningu er þörf á því að eiga 15 milljónir í eigið fé. Samkvæmt lánþegaskilyrðum Seðlabankans mega fyrstu kaupendur að hámarki taka húsnæðislán með 90% veðsetningu. Þeir þurfa einnig að uppfylla skilyrði um hámarksgreiðslubyrði lána, sem má ekki vera meiri en 40% af ráðstöfunartekjum. Það hlutfall er jafnan talið vera íþyngjandi húsnæðiskostnaður en þá er ekki meðtalin kostnaður við rekstur húsnæðis og annar kostnaður sem tengist íbúðareign.

Hátt húsnæðisverð, háir vextir og þröng lánþegaskilyrði skapar verulegar áskoranir fyrir almennt launafólk að komast inn á eignamarkað. Hátt fasteignaverð kallar því á mikið eigið fé hjá fyrstu kaupendum og háir vextir og lánþegaskilyrði gera þeim sem eru á meðltekjum erfitt fyrir eða ómögulegt að standast greiðslumat eða uppfylla skilyrði um greiðslubyrðarhlutfall⁵.

Einstaklingi með 761.500 krónur í mánaðarlaun⁶ er óheimilt að taka lán með greiðslubyrði yfir 223 þúsund krónur á mánuði, eða sem nemur 40% af tekjum eftir skatt⁷. Við núverandi aðstæður getur sá einstaklingur að hámarki keypt íbúð fyrir 42,5 milljónir að því gefnu að hann eigi eigið fé sem nemur yfir 4,2 milljónum.



Heimild: HMS og útreikningar ASÍ


⁵ HMS hefur bent á að lánþegaskilyrðin hafi leitt til þess að fækka eignum sem rúmast innan lánþegaskilyrða hefur fækkað, þ.e. lítið er um ódýrar eignir sem gera tekjulægri kaupendum kleift að koma inn á húsnæðismarkað. Sjá t.d. https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/IRN/Frettatengd-skjol/Graenbok%20um%20husnaedis-%20og%20mannvirkjamal_endanleg%20utgafa.pdf

⁶ Það eru hámarkstekjur til að vera gjaldgengur til leigu í almenna íbúðakerfinu.

⁷ Tekjur eftir skatt eru 558.188 kr.

Byrði húsnæðiskostnaðar hjá leigjendum

2022 eða nýjustu gögn



Heimild: OECD

Aukin eftirspurn eftir leiguhúsnæði undanfarin 16 ár birtist skýrt í þróun á leiguverði, en samkvæmt leiguverðsvísitölu HMS hækkaði leiguverð um 100% á árunum 2013-2020. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun benti nýverið á að tæplega helmingur leigjenda býr við íþyngjandi húsnæðiskostnað. Samanburður við OECD ríki sýnir að húsnæðiskostnaður leigjenda hér á landi er mun hærri en að meðaltali í hinum ríkjunum.

Húsnæði er ólíkt flestum öðrum neysluútgjöldum að því leyti að ekki er hægt að velja sig frá því að hafa hússaskjól. Einstaklingar hafa val um tegundir húsnæðis og gæði en fastur kostnaður húsnæðis vegur alltaf þungt í útgjöldum heimila. Húsnæðiskostnaður vegur jafnframt þyngra hjá tekjulágum. Íþyngjandi húsnæðiskostnaður er skilgreindur sem meira en 40% af ráðstöfunartekjum. Heimili sem búa við íþyngjandi húsnæðiskostnað eru í verri stöðu til að safna fyrir útborgun í fasteign eða að safna upp sparnaði almennt. Geta þeirra til að mæta fjárhagslegum áföllum er minni og aukin hætta er á að slík heimili geti lent í skuldavanda til að mæta óvæntum fjárhagslegum áföllum eða tekjumissi til skemmri tíma.

Samkvæmt könnun Vörðu - Rannsóknastofnunar vinnumarkaðarins, á stöðu launafólks á Íslandi árið 2024¹¹ voru tæplega 60% leigjenda í stéttarfélögum í ASÍ og BSRB innflytjendur. Þar kemur einnig fram að leigjendur hafa flutt mun oft en eigendur á sl. 5 árum. Um 6% eigenda húsnæðis höfðu flutt þrisvar eða oft en hlutfallið var tæplega 35% meðal leigjenda. Þá var algengara að einhleypir foreldrar hefðu flutt oft en hjón eða sambúðarfólk með börn.

Íþyngjandi húsnæðiskostnaður og lítið húsnæðisöryggi geta því haft veruleg áhrif á einstaklinga og börn þeirra til menntunar, tómsunda og þátttöku á vinnumarkaði.


Endurreisn félagslegra lausna á húsnæðismarkaði

Almenna íbúðakerfið var viðbragð við háværrri kröfu verkalýðshreyfingarinnar um umbætur á húsnæðismarkaði í kjarasamningum 2015. Eftir að verkamannabústaðakerfið var lagt niður voru engir valkostir sem tryggðu húsnæðisöryggi og viðráðanlegan húsnæðiskostnað fyrir tekjulágt fólki á vinnumarkaði. Almenna íbúðakerfið byggir á samstarfi húsnæðissjálfsneignastofnana, ríkis og sveitarfélaga þar sem ríki og sveitarfélög styðja við

¹¹ Sjá https://www.rannvinn.is/files/ugd/61b738_83957a23b0a7423e86439aeacfa73cc9.pdf

verkefnið í upphafi með stofnframlagslánnum sem fjármagna 30% af stofnkostnaði. Lánin eru greidd til baka að fimmtíu árum liðnum.

Samanburður á leiguverði




Heimild: HMS og ASÍ

Í kerfinu byggja ólík félög fyrir ólíka hópa, t.d. öryrkja, eldri borgara og námsmenn. Bjarg Íbúðafélag er eina félagið sem þjónustar tekjulágt vinnandi fólk og býður leiguverð sem getur verið meira en 70-80 þúsund krónum (30-50%) lægra en á almennum leigumarkaði. Bjarg gerir langtímaleigusamninga þar sem leiga ræðst einungis af kostnaði við uppbyggingu sem tryggir mikið húsnæðisöryggi íbúa.

Við stofnun kerfisins var stefnt á að 2.300 íbúðir yrðu byggðar á árunum 2016-2019. Verkalýðshreyfingin hefur allar götur frá stofnun Bjargs barist fyrir og tryggt fjármögnun stofnframlaga frá stjórnvöldum í tengslum við kjarasamninga. Alls hefur byggingu um 7 þúsund íbúða með stofnframlögum verið lofað frá árinu 2015 en einungis hafa verið byggðar rúmlega þúsund íbúðir innan kerfisins miðaðar að tekjulágu vinnandi fólki. Um þrjú þúsund aðrar íbúðir hafa verið byggðar í kerfinu, fyrst og fremst miðaðar að námsmönnum og öryrkjum.


Stofnframlög og fjöldi íbúða



Heimild: ASÍ

Framboð lóða hefur verið meginhindrun fyrir hraðari uppbyggingu Bjargs og valdið því að uppbygging ekki verið í samræmi við markmið. Flestar íbúðir Bjargs hafa verið byggðar í Reykjavík, alls 661 íbúð og þar á eftir í Hafnarfirði. Engin íbúð frá Bjargi hefur risið í Kópavogi og í 7 af 15 fjölmennustu sveitarfélögum landsins er ekki að finna neina íbúð. Á sama tíma hafa biðlistar eftir íbúðum lengst. Nú bíða rúmlega fjögur þúsund fjölskyldur eftir íbúð frá Bjargi. Miðað við hraða uppbyggingar síðasta áratugar mun taka um 30 ár til viðbótar að koma íbúðum Bjargs upp í 4.000 sem er allt of langur tími.

Fjöldi íbúða í útleigu hjá Bjargi eftir sveitarfélagi



Heimild: ASÍ

Almannaþjónusta

Öflug almannaðjónusta er ein af grunnforsendum jöfnuðar, afkomuöryggis og atvinnuþátttöku. Hún hefur bein áhrif á lífsskjör launafólks og möguleika til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð. Þegar aðgengi að nauðsynlegri þjónustu skerðist eða kostnaður færist í auknum mæli yfir á heimilin þrengir það að ráðstöfunartekjum, eykur ójöfnuð og leggst þyngst á þau sem hafa minnst svigrúm.

Á undanförunum árum hefur kostnaður almennings af opinberri þjónustu farið hækkandi, m.a. á hita, rafmagni, fasteignagjöldum, sorphirðu, leikskólagjöldum og almenningsþingum. Þessi kostnaður leggst þyngst á þau sem hafa minnst svigrúm, til að mynda lágtekjufólk, barnafjölskyldur, ungt fólk, leigjendur og fólk sem býr fjarri grunnþjónustu. Vandinn snýr ekki aðeins að gjaldskrá, heldur líka að skerðingu þjónustu, ferðakostnaði, vinnutapi við að sækja þjónustu og auknum ófyrirsjáanleika í daglegu lífi.

Í heilbrigðisþjónustu snýst jafnt aðgengi ekki eingöngu um beinan kostnað við notkun þjónustunnar. Þegar þjónusta er skert, samþjöppuð eða færast fjær fólk getur verulegur kostnaður fallið á sjúklinga, aðstandendur og stéttarfélag í formi ferðakostnaðar, vinnutaps, gistikostnaðar og kostnaðar vegna fylgdar aðstandenda.

Sama á við þegar uppbygging nauðsynlegra samfélagsinnviða er færð í auknum mæli til einkaaðila, til að mynda með svokallaðri leiguleið sem felur í sér að einkaaðilar byggja og eiga sérhæft húsnæði fyrir opinbera þjónustu sem hið opinbera leigir til langs tíma undir þjónustuna. Slíkt getur virst skjót leið til að mæta uppsafnaðri þörf, en breytir ekki þeirri grundvallarábyrgð stjórnvalda að standa undir uppbyggingu, fjármögnun og gæðum velferðarþjónustu. Leiguleiðin getur reynst dýrari fyrir hið opinbera þegar fram líða stundir, þar sem ávöxtunarkrafa einkaaðila leggst á rekstur þjónustunnar.

Þetta á sérstaklega við um uppbyggingu hjúkrunarheimila, þar sem mikil innviðaskuld hefur safnast upp og uppbygging hjúkrunarrýma hefur ekki haldið í við mannfjöldapróun og öldrun þjóðarinnar. Afleiðingin er að eldra fólk bíður lengur eftir viðeigandi úrræði, ýmist heima eða á sjúkrahúsi eftir að meðferð er lokið. Þetta eykur álag á heilbrigðiskerfið og tefur og takmarkar aðgengi að annarri þjónustu innan spítalans. Á sama tíma færast meiri ábyrgð yfir á aðstandendur, sem þurfa að sinna ólaunaðri umönnun á meðan beðið er eftir þjónustu.

Á síðustu árum hafa orðið verulegar breytingar í aðgengi að dagvistun barna, samhliða því að mönnunarvandi á leikskólum hefur stóraukist með auknu álagi. Gjaldskrár leikskóla hafa tekið miklum breytingum, gjöld fyrir fulla vistun hækkað og skráningardagar orðið algengari. Foreldrar þurfa þá að greiða sérstaklega fyrir þjónustu á almennum vinnudögum sem áður voru hluti af reglubundinni leikskólaþjónustu. Samhliða hefur opnunartími eða hámarksdvalartími verið skertur í sumum sveitarfélögum og leikskólar eru víða lokaðir fleiri daga en áður.

Þegar sumarleyfislokun, starfsdagar, skráningardagar og aðrir lokunardagar eru taldir saman getur fjöldi daga orðið mun meiri almennur orlofsréttur launafólks. Þessi þróun nær einnig til frístundaheimila fyrir yngstu grunnskólabörnin. Þar hefur þjónusta sumra sveitarfélaga verið skert, til dæmis með styttri opnunartíma. Það gerir foreldrum erfiðara að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð og getur haft bein áhrif á atvinnuþátttöku.

Þá hafa afsláttarkerfi leikskólanna víða breyst. Einfaldir afslættir af gjaldskrár fyrir tiltekna hópa hafa í sumum tilvikum vikið fyrir tekjutengdum afsláttum, með lágum tekjumörkum sem skilja stóran hluta fullvinnandi foreldra eftir utan afslátta og borga þeir því hærri gjöld en áður. Slíkar tekjutengingar auka jaðarskatta barnafjölskyldna þegar þær bætast við tekjutengt barnabótakerfi og þrepaskipt skattkerfi. Umbætur í mönnun leikskólanna þurfa að hafa forgang fram yfir samdrátt í þjónustu þeirra.

Sama þróun sést í öðrum föstum útgjöldum heimila fyrir nauðsynlega grunnþjónustu. Aukinn kostnaður birtist í gjöldum tengdum húsnæði, hita, rafmagni og annarri nauðsynlegri grunnþjónustu. Fasteignagjöld hafa víða hækkað í krónum talið þrátt fyrir að mörg sveitarfélög hafi lækkað álagningarþrósentur að hluta til að mæta hækkanandi fasteignamati. Frá árinu 2023 má finna dæmi um verulegar hækkanir, bæði í minni og stærri sveitarfélögum. Verðlagseftirlit ASÍ hefur meðal annars bent á dæmi um 52–62% hækkanir á fasteignagjöldum frá árinu 2023 og í stærri sveitarfélögum dæmi um 27–34% hækkanir fyrir 75 fermetra íbúðir í fjölbýlishúsi. Á sama tíma námu almennar launahækkanir 10,6%.

Hækkanir á hitaveitu og rafmagni eru annað dæmi verðhækkana sem heimilin hafa lítið svigrúm til að bregðast við. Þetta á sérstaklega við um heimili á köldum svæðum þar sem húshitun er með raforku og orkukostnaður vegur þungt í föstum útgjöldum. Nýlegar hækkanir hjá Veitum ohf. sýna hvernig gjaldskrárbreytingar á grunnþjónustu geta lagst beint á rekstur

heimila og aukið útgjöld vegna daglegs heimilishalds. Slíkar álögur koma ofan á tímabil mikillar verðbólgu, hárra vaxta og hækkandi húsnæðiskostnaðar.

Þessi þróun sýnir að gjaldtaka fyrir nauðsynlega grunnþjónustu er hluti af stærri lífskjaravanda. Þegar föst útgjöld hækka umfram laun og almennt verðlag þrengir það að ráðstöfunartekjum heimila, eykur álag og dregur úr möguleikum fólks til að taka þátt á vinnumarkaði. Öflug, aðgengileg og vel fjármögnuð almannþjónusta er því lykilforsenda þess að breytingum framtíðarinnar verði mætt með jöfnuði, félagslegu öryggi og sterkri stöðu launafólks.